



Minnisblað

| | | | |
|------------|---------------------------------|------------|--------------|
| Viðtakandi | Efnahags- og viðskiptanefnd | Dagsetning | 23. maí 2024 |
| Sendandi | Fjármála- og efnahagsráðuneytið | Málsnúmer | FJR24030054 |

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða).

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við helstu athugasemdum sem bárust í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða (Þskj. 1317 – 880. mál).

Alls bárust sex umsagnir vegna frumvarpsins, frá Hagsmunasamtökum heimilanna, Landssamtökum lífeyrissjóða, ÖBÍ, Gildi – lífeyrissjóði, Viðskiptaráði auk sameiginlegrar umsagnar frá Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Þær athugasemdir sem koma fram í umsögnum Hagsmunasamtökum heimilanna og ÖBÍ komu jafnframt fram á fyrri stigum þessa máls. Greining ráðuneytisins á þeim leiddi ekki til breytinga á frumvarpinu og er vísað til samráðskafla frumvarpsins þessu tengt.

II. Meginefni frumvarpsins

Frumvarpið felur í sér tillögur um rýmkun á heimildum lífeyrissjóða til fjárfestinga í leigufélögum. Í því er lagt til að kveðið verði á um sérstaka heimild fyrir lífeyrissjóði til að binda allt að 5% heildareigna í hlutabréfum og skuldabréfum, sem ekki eru skráð á skipulegum verðbréfmargaði, útgefnum af félögum sem hafa þá meginstarfsemi að leigja út íbúðarhúsnæði til einstaklinga til langs tíma. Jafnframt er í frumvarpinu að finna tillögu um, að hverjum og einum lífeyrissjóði verði heimilað að eiga stærri hlut en 20% í hverju leigufélagi sem hefur það að meginstarfsemi að leigja út íbúðarhúsnæði til langs tíma til einstaklinga. Þó er gert að skilyrði að hlutur lífeyrissjóðs megi ekki vera stærri en 50% í slíku félagi. Vísað er til greinargerðar frumvarpsins varðandi tilefni og nauðsyn lagabreytinganna og samantekt á meginefni frumvarpsins.

III. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd

Hagsmunasamtök heimilanna.

Samtökin telja í umsögn sinni að tillaga um að lífeyrissjóði verði heimilt að binda 5% heildareigna í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum óþarflega lágt hlutfall. Þá greinir að komi fram óskir frá lífeyrissjóðum um að hlutfallið verði hækkað styðji samtökin þær.

Í greinargerðinni kemur fram að fjárfestingar í leiguhúsnæði fyrir einstaklinga séu heimilar í gildandi reglum um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Slíkar fjárfestingar flokkast hins vegar í sama flokk og aðrar óskráðar fjárfestingar sjóðanna þar sem möguleikar til ávöxtunar eru almennt meiri en fjárfestingar lífeyrissjóða í fasteignaverkefnum sem búa við nokkuð stöðugt sjóðstreymi. Fjárfestingar í óskráðum leigufélögum eru því í eins konar samkeppni við ýmsa



aðra fjárfestingarkosti lífeyrissjóða sem ekki eru skráðir á skipulegan markað. Heimild lífeyrissjóða til þess fjárfestingarkosts sem frumvarpið kveður á um er því hærra en 5% af heildareignum lífeyrissjóða þar sem gildandi heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í fjármála- gerningum sem eru ekki skráðir á skipulagðan markað nemur allt að 20% af heildareignum sjóða. Að lokum er rétt að benda á að 5% hlutfall af heildareignum lífeyrissjóða til fjárfestingar í ákveðnum óskráðum fjármálagerningum útgefnum af félögum sem hafa þá meginstarfsemi að leigja út íbúðarhúsnæði til einstaklinga til langs tíma nemur samtals um 360 milljörðum króna í árslok 2023.

Líkt og áður greinir kom athugasemd samtakanna fram á fyrri stigum þessa máls og leiddi greining ráðuneytisins ekki til breytinga á frumvarpinu. Þá komu ekki fram óskir frá lífeyrissjóðum um hækkun á hlutfallinu. Með vísan til ofangreinds er afstaða ráðuneytisins til athugasemdar samtakanna óbreytt.

ÖBÍ

Í umsögn réttindasamtakanna greinir að íslenskur leigumarkaður sé frábrugðinn leigumörkuðum flestra OECD-ríkja þar sem meiri hluti leigjenda hérlendis leigi af einstaklingum á almennum markaði en ekki af hinu opinbera eða leigufélögum. Sú staðreynd vegi þungt þegar horft sé til fjölda skammtímaleigusamninga, skorts á fyrirsjáanleika á þróun leiguverðs og óstöðugleika á leigumarkaði. Í umsögn réttindasamtakanna er lögð áhersla á að leigufélög á vegum lífeyrissjóða endurspegli samfélagslega fjölbreytni meðal leigjenda hjá sér. Þá leggja samtökin til að ráðherra setji reglugerð um samfélagslega ábyrgð lífeyrissjóða með virkan eignarhluta í félögum sem leigja íbúðarhúsnæði til einstaklinga í langtímaleigu, verði frumvarpið að lögum. Samtökin benda á að meiri hluti íbúðarhúsnæðis á Íslandi sé óaðgengilegt fótluðu fólki og að í reglugerðinni væri unnt að kveða á um um algilda hönnun leigueigna og aðgengi.

Ábendingar samtakanna eru samhljóða þeim sem fram komu á fyrri stigum málsins og reifaðar eru í samráðskafla frumvarpsins. Þeim tengdum vekur ráðuneytið athygli á að samfélagsleg ábyrgð hefur undafarin ár verið til umræðu innan lífeyrissjóðakerfisins og að mikill áhugi er meðal lífeyrissjóða á málefnum. Lífeyrissjóðirnir eru meðvitaðir um að nútíma stjórnarhættir þurfa að standast kröfur um sátt við umhverfi og samfélag. Því má telja eðlilegt að réttindasamtökin eigi samtal við lífeyrissjóðina um málefnið. Þá má að lokum nefna að fyrirhuguð innleiðing á svokallaðri CSRD tilskipun, sem innleiðir sjálfbærni reikningsskil í ársreikninga félaga, kann að leiða til breytingar á ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða, m.a. að því er varðar upplýsingagjöf stjórnar sjóða um umhverfis- og samfélagsmál, þar með talin stefna lífeyrissjóða í mannréttindamálum.

Gildi lífeyrissjóður

Í umsögn Gildis er lögð til orðalagsbreyting á 1. gr. frumvarpsins. Sjóðurinn leggur til að í stað orðanna „Þá er lífeyrissjóði heimilt ...“ komi „Að því viðbættu er heimilt...“ Fram kemur að breytingin sé lögð fram til áréttingar á því að um sé að ræða viðbótarheimild til fjárfestingar en ekki takmörkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Þá bendir sjóðurinn á að svo virðist sem farist hafi fyrir að gera ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins að fjárfesting lífeyrissjóða í félögum þar



sem meginstarfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga kunni að vera óbein í gegnum hluti eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 1. gr.

Ráðuneytið telur að orðalag 1. gr. frumvarpsins sé skýrt um að það hlutfall heildareigna lífeyrissjóðs sem frumvarpið mælir fyrir um sé ætla að koma til viðbótar við heimild lífeyrissjóðs skv. 1. másl. 3. mgr. 36. gr. b. Hins vegar tekur ráðuneytið undir sjónarmið sjóðsins að því er varðar orðalag 2. gr. frumvarpsins. Til að ná fram meginmarkmiði ákvæðisins um að lífeyrissjóði sé heimilt að eiga stærri hluta en 20% í óskráðum hlutabréfum og skuldabréfum félaga með ákveðna skilgreinda meginstarfsemi eða í hlutum eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta eingöngu í slíkum félögum leggur ráðuneytið til að 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við 8. mgr. 36. gr. c laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Einnig er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hluta en 20% í félagi þar sem meginstarfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga eða í hlutum eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af slíkum félögum. Hlutur lífeyrissjóðs skv. 2. másl. má þó ekki vera stærri en 50% í slíku félagi eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.

Aðrar umsagnir

Í umsögnum Landssamtaka lífeyrissjóða, Viðskiptaráðs, Alþýðusambands Íslands og Samtökum atvinnulífsins er tekið undir áformin sem felast í frumvarpinu.

